

Mál nr. 401/2015
M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðaverkstæðis.

Skemmdir á bifreið sem var til viðgerðar á bifreiðaverkstæði.

Gögn.

1. Málskot, mótttekið 30.10.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 19.11.2015, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A, bifreið í eigu málskotsaðila, var til viðgerðar hjá B að D í Reykjavík. Er A var sótt á verkstæðið að lokinni viðgerð kom í ljós að iðnaðarmaður hafði verið að saga járnplötur á þaki D. Við það hafi agnir frá söguninni dreifst yfir A og valdið skemmdum á lakki.

Fram kemur í gögnum málsins að beðið hafi verið um að þrjár tiltekna bifreiðir, sem stóðu fyrir framan húsið yrðu færðar. Hins vegar hafi A ekki verið meðal bifreiðanna sem beðið var um að yrðu færðar, en hún hafi staðið við enda hússins. Af hálfu B er tekið fram að starfsmenn verkstæðisins hafi ekki haft hugmynd um hvaða framkvæmdir hafi verið í gangi á þessum tíma.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V vegna þeirra skemmda sem urðu á A. V kveður starfsmenn B hafa verið í góðri trú um að aðrar bifreiðir á svæðinu væru öruggar, þ. á m. A. Þá falli ábyrgð á tjóni, eins og hér um ræðir, ekki undir vátryggingu þá sem B hefur í gildi hjá V. Hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup ber seljanda þjónustu að bæta tjón sem verður á eignum neytanda þegar verk er unnið eða í tengslum við það eða hlutur sem afhentur hefur verið seljandanum glatast eða skemmist nema seljandinn sanni að hann hafi ekki sýnt af sér vanrækslu. Samkvæmt því sem fyrir liggur í gögnum málsins virðist ekki um það deilt að skemmdir urðu á lakki A meðan hún var til viðgerðar hjá B eins og að framan greinir. Starfsmenn B voru beðnir um að færa þrjár bifreiðir en þó ekki A. Þeir könnuðu ekki ástæður þess að færa þurfti bifreiðirnar. Létu þeir því hjá líða að færa A á öruggan stað. Hefur B ekki sýnt fram á að skemmdir á A verði ekki raktar til vanrækslu hans í þessum efnunum. Með vísan til 25. gr. laga nr. 42/2000 ber A ábyrgð á tjóninu.

Í gr. 4.1, sbr. gr. 4.1.1, í skilmálum V fyrir ábyrgðartryggingu þá sem B hafi gildi hjá V segir að vátryggingin bæti m.a. munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum vegna þeirrar starfsemi sem getið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Ekki fer á milli mála að skaðabótaábyrgð B á tjóni M byggist á íslenskum lögum og vegna þeirrar starfsemi sem getið er í fyrirliggjandi afriti af endurnýjunarkvittun, þ.e. bifreiðaverkstæði. Inngangsorð í vátryggingarskilmálunum, sem fjalla um skaðabótaábyrgð samkvæmt sakarreglu íslensks réttar og hlutverk ábyrgðartrygginga, hagma ekki þessari niðurstöðu. B nýtir því verndar samkvæmt ábyrgðartryggingunni vegna þeirrar skaðabótaábyrgðar sem hann ber gagnvart M. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni vegna þess tjóns sem varð á A.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 9. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.